

Lesröskun (betur þekkt undir heitinu „lesblinda“, eða „lesblindni“)

„Fólk sem þjáist af lesröskun, en er annars vel greint, tekur eftir umheimi sínum á margbreyttan hátt, þó öðruvísi. Einbeitingin verður lakari, þegar slíkt fólk horfir á tákn eins og bókstafi eða tölur, þar sem um erfiðisafrek er að ræða – og er þessi ferill öðrum málum háttað en hjá fólki sem er ekki með lesröskun.“

Dr. Astrid Kopp-Duller

Hver má príska sig sælan ef hann á lesraskaða persónu sem vin. Lesraskað fólk er skapandi, tæknilega gáfað. Það voru „lesblind“ börn sem settu upp tölvuna fyrir mig. Þau sýndu mér þolinmæði og útskýrðu allt. Sérhver sem er greindur með lesröskun hefur sterka réttlætistilfinningu, en á okkar tímum skiptir það svo miklu máli. Ég er fegin að slíkt fólk skyldi vera til. Persóna með lesröskun er sannur vinur á meðan hún lifir.

Oftast er verið að rugla saman lesröskun við stafsetningarvillu eða talnavillu. Á því er sannarlega munur – sérstaklega þegar kemur að horfum til aðstoðar sem hægt er að veita slíku fólki.

Hér skal reynt að líta á mismuninn:

Lesröskun hefur engar sálrænar eða líkamlegar orsakir, eða slíkar sem tengjast fjölskyldulífi, kennsluáferðum, vanhæfni á því að læra eða almennri vangefni. Lesröskun berst með genunum og er þar með til frá fæðingu. Það er umhverfið sem ræður ferðinni varðandi afleiðingar sem meðfædd lesröskun hefur á einstaklingin. Sé lesröskuðu barni leiðbeint á réttan hátt, koma ekki upp stærri vandamál í skóla.

Mikilvægt er að greina lesröskun sem fyrst. Margt getur bent á lesröskun á barnaskólaaldri, jafnvel fyrr. Sá tími þar sem börnin skríða um gólf er mikilvægur fyrir lestrar- og ritfærni. Af mörgum sem eru með lesröskun er vitað að þau hafa sleppt því að skríða, hafa til dæmis skríðið aftur á bak eða á hliðinni. Það skiptir miklu máli að fylgjast með börnunum sínum eins og að gera sér grein fyrir lesröskun innan fjölskyldunnar.

Komi upp vandamál við lestur, skrift eða reikning snemma á skólagöngunni, þarf að greina strax hvort lesröskun hvílir á barni. Þar með sparast verðmætur tími. Ekkert þýðir að leggja endalaust æfingar fyrir barnið, en það eykur í mesta lagi vanliðan þess og streitu innan fjölskyldunnar.

Við vitum að lesröskun er enginn sjúkdómur, engin þroskaheftni og hvorki eru lesröskuð börn löt né heimsk.

Ég er lesröskunar-þjálfari og margar mæður og mörg börn leita ráða hjá mér. Með hjálp tölvuprófs eða annara aðferða – eins og leikja sem eru notaðir þegar um yngri börn er að ræða – er hægt að finna út hvaða skyn eru öðruvísi þroskuð og þurfa þjálfun.

Fyrsti hluti rannsóknarinnar beinist að athyglinni.

Annar hluti leiðir í ljós hæfileika sem þarf til að læra að lesa, skrifa og reikna, en það eru:

- Hæfileiki að sundurgreina sjónræna hluti, en það er gera greinarmun á líku og ólíku og skila vel á milli.
- Sjónminnið – er sá hæfileiki að muna eitthvað sem augað hefur séð, vista það og endurtaka seinna.
- „Sjónskipulag“ – er hæfileikinn að raða saman sjónrænum hlutum.
- Hljóðkerfisvitund – er sá hæfileiki að greina mismunandi orð úr því sem er heyrt og greina þau frá svipuðum orðum.
- Áttun í tíma og rými – fólki sem vantar þennan hæfileika finnst erfitt að átta sig, giska á stærð og einingar.
- Samhæfing hreyfinga: tilfinningin fyrir líkamanum (hægri/vinstri) er seinvirk

Testið metur hvaða skynfæri þurfa sérstaka þjálfun.

Hér er talað um ekta dyslexíu (á þýsku *Primärlegasthenie*), ekta lesröskun/lesblindu.

Sé búið að fara yfir mörkin vegna krafa í garð barns og vanskilnings á þörfum þess breytist hegðun barnsins til hins verra. Slíkt heitir á þýsku *Sekundärlegasthenie*, eða óekta lesröskun/lesblindu. Sem nærri má geta er erfiðleikum bundið að takast á við fyrrnefndu gerðina.

Þess vegna skiptir það miklu máli að hjálpa barni um leið og það leikur grunur á lesröskun. Börn þurfa að upplifa árangur, en við fullorðna fólkið viljum ekki sjá örmagna, örvæntingarfull börn, sem misst hafa trúna á sjálf sig.

Í þeim skilningi þurfa foreldrar, kennarar og lesröskunarþjálfarar að vinna vel saman. Ekki er hægt að binda öll stig lesblindu við kennslu aðalkennarans.

Þegar samvinnan er virk, áttar barnið sig á því að það er ekki aleitt og uppgefið í þessu vandamáli og mun ekki haga sér illa.

Hér má benda á að kennari sem hafnar lesblindu ætti að hugsa sig um hvort kennarastarfið sé rétta valið.

Hvað er stafsetningarvilla – hvað bendir á lesröskun?

Einkenni lesröskunar er að börn átta sig ekki á því að hafa skrifað eða lesið vitlaust.

Þetta sýnir sér við notkun algengra orða.

- Börn sleppa stöfum eða bæta við. (dæmi úr þýsku: „geich“ eða „geleich“ í staðinn fyrir „gleich“)
- Börn rugla saman stöfum sem hægt er að greina í sundur. (dæmi úr þýsku: „dald“ í staðinn fyrir „bald“, „Murm“ í staðinn fyrir „Wurm“)
- Börn þenja sérhljóð eða skerpa ekki (dæmi úr þýsku „schwihmen“ í staðinn fyrir „schwimmen“, „küsen“ í staðinn fyrir „küssen“, „faren“ í staðinn fyrir „fahren“)


- Börn muna ekki réttu orðaröðina. Í sama texta getur eitt orð birst í mismunandi formum. (dæmi úr þýsku: „vür“ í staðinn fyrir „für“, „wier“ í staðinn fyrir „wier“, „fon“ í staðinn fyrir „von“)
- Samblanda af öllu: „schwihmen“ og „blad“, í staðinn fyrir „schwimmen“ og „bald“

Börn eru í erfiðleikum með stjórn hugsanna sinna þegar þau lesa, skrifa eða reikna. Þjálfun sem beinist að þörfum sérhvers barns hjálpar að efla einbeitingu og skynjun. Föndur með ýmsum eignum gleður börnin og virkar vel. Einnig skilur öll tölvuvinna góðum árangri, þar sem lesröskuð börn finna góðan aðgang að henni. Einkaðþjálfun er mikilvæg, einnig mikill tími, þolinmæði og skilningur. Þannig munu börnin læra að lesa, skrifa og reikna eins og önnur börn!

Stöndum saman sem einn maður og sköpum umhverfi þar sem fólk með lesröskun fær sína virðingu og mætir ekki fordómum. Hlustum betur á lesraskað fólk. Það hefur svo margt að segja og við getum lært af því!

texti: Sissi Nuhl www.sissi-nuhl.com

Hér eru dæmi frægs fólks sem hefur greinst með lesröskun:



Albert Einstein



Leonardo da Vinci



Jamie Oliver



Victoria von Schweden



Agatha Christie